

## FUNDARGERÐ

371. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 25. febrúar 2016 kl. 14.30 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar eftir aðalfund.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Brynjólfur Sigurðsson og Anna Þrúður Þorkelsdóttir.

Þetta gerðist:

### Fundargerð síðasta fundar samþykkt

#### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Tillaga um Ellert sem varaformann og Hrafn sem gjaldkera samþykkt.

#### 2. Útsending félagsskírteina nýir félagsmenn

Greiðsluseðlar vegna árgjalds 2016 farnir út og innheimta komin í heimabanka félagsmanna. Nú þegar eru greiðslur félagsgjalda farnar að skila sér inn á reikning. Ráðgert er að senda fjölpóst líkt og á síðasta ári á ákveðna árganga og bjóða aðild að félaginu. Gafst vel í fyrra eins og m.a. kom fram í fjölgun félagsmanna.

#### 3. Ný nefnd kynning og næstu skref

Erna og Helgi kynntu áherslur hóps / nýrrar nefndar innan félagsins sem unnið hefur með vinnuheitð Grái herinn – baráttusamtök eftirlaunafólks. Undirbúningshópur hefur hist nokkrum sinnum og eru áherslur hópsins; \*Að vekja athygli á kjörum \*Viðhorf til þessa aldurshóps / viðhorf til þess að eldast.

Undir þetta fellur; Húsnæðismál, Lánin, Skertur lífeyrir, Ekki hlustað á eldra fólk, Atvinnumál.

Nefndin/hópurinn starfi m.a. með kjaranefnd og fari fram með kynningar út á við á allra næstu vikum á hverjum þeim vettvangi sem talin er nýtast.

Rætt um að félagið þurfi að hafa á sínum snærum aðila sem fylgsist með tölum/verðbólgu og tengdum þáttum. Sett á borð framkvæmdastjóra fyrst í stað.

#### 4. Samstarfið við Reykjavíkurborg og næstu skref

Formaður útskýrði fyrir nýjum stjórnarmönnum hvað rætt hefði verið um að felist í fyrirhuguðu samstarfi við borgina og hvernig það væri hugsað. Rætt um félagsmiðstöðvar framtíð þeirra og stöðu. Almennu voru stjórnarmenn inn á frekari samstarfi við Reykjavíkurborg á jafnræðisgrundvelli en jafnframt kom fram ákveðinn ótti tilkominn af reynslu viðkomandi og slæmri fjárhagsstöðu borgarsjóðs. Málið var rætt á síðasta aðalfundi og hlaut þar brautargengi. Von er á „ramma um samstarfið“ frá Velferðarsviði.

#### 5. Aðild að LEB og kostnaður við það

Í lögum FEB stendur nú að aðild að LEB sé háð ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Er sem sagt ekki lengur skylduaðild eins og áður var kveðið á um í lögnum.

Rætt um veru FEB í LEB og kostnað því samhliða og voru flestir á því að kostnaðurinn væri óhóflegur. Rætt um greiða til samræmis við þá þjónustu sem LEB veitir.

**6. Afmæli FEB**

Hvað eigum við að leggja í þennan þátt. Tillögur ræddar en ekkert frágengið.

**7. Næsta blað**

Skýrt frá fundi ritnefndar í morgun. Komið áleiðis með næsta blað.

**8. Önnur mál**

Samþykkt að fara af stað með rannsókn á framlagi eldri borgara til samfélagsins í samstarfi við HÍ og Gallup. Aflað verði kostunaraðila auk þess sem það fé/styrkir sem FEB hefur aflað til þessa komi beint inn í verkefnið.

Ellert kom inn á vef um málefni eldri borgara sem er í vinnslu.

Næsti fundur stjórnarinnar er boðaður 8. mars kl. 9.00.